

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2020-2021

Leikskólinn Arnarsmári

Tengsl við námskrá: Starfsáætlun er unnin í takt við námsskrá leikskólans, markmið og einkunnarorðin, frumkvæði, vinátta og gleði. Áhugavert og fjölbreytt starf sem unnið er af metnaði, alúð og áhuga til að efla leikskólastarfið enn frekar.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma vel fram í starfsáætluninni. Fyrirkomulag á mati barna er skýrt lagt fram, skemmtilegt og áhugavert að sjá hvernig þau geta komið skoðunum sínum á framfæri, þekki vel réttindi sín og líður vel í leikskólanum.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Í Arnarsmára er skólastarfið í stöðugri þróun og þróunarverkefni nýtt til efla skólastarfið enn frekar. Rauði þráðurinn verður þetta skólaár að verða Réttindaleikskóli Unicef.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að starfsfólk fer á námskeið, fræðslumorgna, fyrirlestra og námsferðir sem nýtast skólastarfinu. Áhersla á að sí- endurmenntun sé nauðsynleg til að staðna ekki og ná sér í meiri þekkingu og upprifjun.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Arnarsmári er einn af þeim leikskólum sem vinnur að því að verða Réttindaleikskóli Unicef og tileinka sér vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Lögð er áhersla á að börn njóti alls þess sem þau þurfa til að vera hraust, ánægð, ábyrg og upplýst, að tryggt sé að tekið sé tillit til réttinda barna og stuðlað að jafnrétti. Stefna leikskólans, Uppbygging sjálfsgaga- uppeldi til ábyrgðar fellur vel að þessari vinnu. Kortlagning Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er samhliða hafin og lögð áhersla á að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Grænánaverkefnið tengist mjög vel þessum þáttum.

Börn: Fjölbreytt, krefjandi og spennandi nám og verkefni sem börnunum stendur til boða. Metnaður til að skapa gott námsumhverfi fyrir börnin og mæta áhuga og þörfum þeirra.

Starfsmenn: Starfsmannastefna er með góða áhersluþætti þar sem lögð er áhersla á að góð samskipti og gagnkvæm virðing sé grundvallarþýðing fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Það bera allir sameiginlega ábyrgð á því að viðhalda góðum starfsanda og að allir vinni sem ein heild. Mannauður er nýttur og þátttökustjórnun er við lýði.

Foreldrar: Áherslur á gagnkvæman skilning og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Mikil foreldrasamvinna, formleg og óformleg, áherslur virka vel, eru fjölbreyttar og góðar.

Annað: Áhugi, metnaður og vilji til að gera vel kemur glöggt fram í lýsandi og áhugverðri starfsáætlun. Óvenjulegar aðstæður hafa áhrif á störf stjórnenda og vangaveltur um hvort þurfi að fækka verkefnum skólaársins eru til staðar svo orkan til að eiga ánægjulega daga með börnunum hverfi ekki.